

# Stjórnarfundur Geðhjálp 27.10.2016

---

**Mættir:** Hrannar, Anna Gunnhildur, Þórður, Ágúst, Sveinn Rúnar, Bergþór, Halldóra og Dúa

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir (BGB).**  
Fundargerð lesin upp og samþykkt athugasemdalaust.
- 2. Litið um öxl – yfirferð yfir starfsemina á undangengnu ári – kynning (AGO).**  
Framkvæmdastjóri rakti helstu verkefni liðins árs. Henni var hrósað fyrir góð störf.
- 3. Útmeð'a framhald (HJ, AGÓ).**  
Eftir að allur kostnaður hefur verið greiddur vegna Útmeð'a stendur eftir afgangur af söfnunarfé. Hugmyndir komu fram um að verja fénu til frekari fræðslu og kynninga, einkum meðal ungs fólks.
- 4. Bataskóli, málþing, svar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Virk. Næstu skref (HJ).**  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun ekki styrkja stofnun skólans fjárhagslega. Hins vegar er Virk tilbúin til að styrkja þróun skólans um 4,2 milljónir gegn skriflegri staðfestingu um rekstrarfé. Stjórnarmenn voru á einu máli um að eðlilegt hefði verið að sækjast eftir styrk frá Virk enda væri sjóðurinn fjármagnaður af almannafé.  
Skóla- og frístundaráð tekur ákvörðun um aðkomu sína að bataskólanum eigi síðar en um miðjan nóvember. Stjórnin fylgist spennt með niðurstöðunni og úrslitum komandi alþingiskosninga.
- 5. Ályktun Hugarafis vegna bataskóla (HJ).**  
Bréfið var rætt og tekin ákvörðun um að vekja athygli á því við samráðsvettvang félaga og úrræða á geðheilbrigðisviðinu.
- 6. Fræðsla fyrir dómara og lögfræðinga um skaðsemi nauðungarvistana og sjálfræðissviptinga (HJ).**  
Umfjöllun var frestað.
- 7. Aðalfundur ÖBÍ, reifun (HJ).**  
Fram kom að Geðhjálp hefði fengið varafulltrúa í stjórn ÖBÍ á aðalfundi bandalagsins, Sylviane Lecoultre.
- 8. Önnur mál, t.a.m. úthlutunarreglur vegna sérstakra styrkja ÖBÍ, framkvæmdaáætlun.**
  - Fram kom að erindi Geðhjálp vegna úthlutunarreglna sérstakra styrkja hefði ekki enn verið tekið fyrir í stjórn ÖBÍ.

- Fram kom að drög að stefnumótun og framkvæmdaáætlun til næstu tveggja ára yrðu rædd á næsta stjórnarfundum.
- Kaffiboð í tilefni 50 ára afmæli TENGLA verður haldið hjá Geðhjálp laugardaginn 5. nóvember kl. 15. Hrannar mun halda erindi og boðið verður upp á myndasýningu ásamt veitingum.
- Bergþór G. Böðvarsson hefur tekið að sér að sitja í Velferðarvakt velferðarráðuneytisins fyrir hönd Geðhálpar.
- Framkvæmdastjóra var falið að leita tilboðs í námskeið í viðbrögðum við hegðun fólks í tilfinningalegu uppnámi helgina 19. og 20. nóvember frá kl. 09.00 til 16.00.
- Fulltrúar frá Grófinni munu heimsækja Geðhjálp um miðjan nóvember.
- Þórður lagði til að farið yrði til Akureyrar til að efla tengslin við úrræðin Grófina, Lautina, geðdeild sjúkrahússins á Akureyri og Háskólann á Akureyri.
- Tillaga Þórðar um að leitað yrði svara við því hvort starfsmönnum geðsviðs gæfist kostur á námskeið í samskiptum við sjúklinga var samþykkt.

**Fundi slitið kl. 19:00.**